

Kirkjuþing 2023-2024

40. mál - þskj. 40a

TILLAGA

til þingsályktunar um sölu fasteigna.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-24).

Flutt af framkvæmdanefnd kirkjuþings.

Frsm. Rúnar Vilhjálmsson.

Kirkjuþing 2023-24 samþykkir að framkvæmdanefnd kirkjuþings selji jörðina Desjarmýri, Austfjarðaprófastsdæmi, L157234, ásamt lóðunum Desjarmýri Selshús, L174109 og Desjarmýri Hoddmýmisholt, L174057.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram af framkvæmdanefnd kirkjuþings. Nefndin leggur til að heimild verði veitt til að selja ofangreinda jörð og ofangreindar sumarhúsalóðir, sem eru innan jarðarinnar.

Það er mat framkvæmdanefndar að almennt eigi að gjalda varhug við sölu jarða en þær sérstöku aðstæður sem uppi eru á jörðinni Desjarmýri réttlæti það að undantekning verði á því gerð í þessu tilfelli og leggur nefndin því fram þessa tillögu.

Jörðin hefur verið í ábúð sömu ættar síðan 1913 en á síðasta ári lauk lífstíðarábúð sem staðið hafði yfir frá 1961. Ábúendur eru því í dag eigendur að stórum hluta þeirra mannvirkja sem á jörðinni standa auk þess sem þau hafa unnið endurbætur á öðru húsnæði og ræktuðu landi jarðarinnar. Samkvæmt ábúðarlögum nr. 80/2004 ber landeiganda að leysa til sín þau mannvirki sem eru í eigu fráfarandi ábúanda og greiða honum fyrir aðrar umbætur á landi og mannvirkjum. Úttekt hefur farið fram og eru eignir og endurbætur fráfarandi ábúanda metnar á 57.451.299 kr. Það er sú fjárhæð sem Þjóðkirkjan þarf að greiða fráfarandi ábúanda ef hún hyggst fá jörðina aftur í sína vörslu.

Skyldmenni ábúanda hafa lýst yfir vilja til að kaupa jörðina og hafa viðræður staðið yfir vegna þess, þó með þeim fyrirvara að samþykki kirkjuþings þurfi til sölu jarðarinnar. Ef viðunandi verð fæst fyrir jörðina telur framkvæmanefnd að rétt sé að fallast á tillögu þessa þar sem ella þarf að greiða um 57,5 m.kr. fyrir mannvirki og endurbætur á jörðinni.

Fylgiskjal með máli þessu er úttektarskýrsla, dags. 12. janúar 2024.